



## 22. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 4. nóvember 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Herbert Arnarson (HA), Jón Bender (JB), Einar Hannesson (EH) og Ágúst Angantýsson (ÁA).

Forföll boðaði: Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

HSJ ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

2. Búið er að samþykkja fundargerðina.

### 3. Yfirferð framkvæmdastjóra á verkefnum frá síðasta fundi

Farið yfir markaðsstarf Bónus deildanna, meira gert úr 1. deildunum á miðlum KKÍ en undanfarin ár, Norðurlandafundur sem var í október og fleiri mál.

### 4. Afreks og landsliðsmál

Undankeppnisgluggar hjá kvenna- og karlalandsliðum okkar í nóvember. Æfingarhópar yngri landsliða fyrir jólaæfingar verða tilkynntir í kringum mánaðarmótin.

### 5. Körfuknattleiksping 15. mars 2025

Pingið verður haldið í fundarsölum Laugardalshallarinnar. Lögmaður hefur farið yfir þær breytingar sem stjórn telur að þurfi að gera á lögum sambandsins, gerði hann örlitlar orðalagsbreytingar sem voru samþykktar.

### 6. Fjármál

Farið yfir 9 mánaðar uppgjör.

Rætt um hugmyndir að því hvernig dreifa á fjármagni til félaganna í Bónus deildunum og hversu mikið það á að vera.

### 7. Erindi frá Þór Akureyri

Tekið fyrir erindi frá Þór Akureyri vegna leikjaniðurröðunar í Bónus deild kvenna. Mótanefnd hefur tekið málið fyrir og hafnað erindinu. Stjórn styður niðurstöðu nefndarinnar.

## 8. Önnur mál/til upplýsinga

GNE greindi frá því að HSJ hefur óskað eftir leyfi frá og með 5. nóv og út mánuðinn þar sem hann hefur ákveðið að taka 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í norðvestur kjördæmi fyrir Alþingiskosningarnar sem fara fram 30. nóvember.

Næsti fundur mánudaginn 9. desember 2024 kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 19:00